



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI HEIMSÆKIR JAPAN Í TÍLEFNI AF EXPO HEIMSSÝNINGUNNI

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, og Björn Skúlason, eiginmaður hennar, heimsækja Japan dagana 26. maí til 1. júní í tilefni af heimssýningunni EXPO 2025 sem fram fer í Osaka. Sýningin var opnuð í apríl og stendur fram í október.

Ísland tekur þátt í samnorraenum sýningarskála á heimssýningunni ásamt Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Megináhersla skálans er að gefa innsýn í lífið í norðri, norræn gildi og náð samband Norðurlandþjóða við náttúruna. Forseti verður heiðursgestur á þjóðardegi Íslands sem fagnað verður í norræna skálanum þann 29. maí. Yfirskrift dagsins er „Friður og jafnrétti“ og tekur forseti þátt í fjölbreyttri dagskrá þar sem gestum gefst kostur á að upplifa íslenska menningu í gegnum fræðandi samtöl, tónlist, bókmenntir og hönnun.

Samhliða heimssýningunni í Osaka stendur Íslandsstofa fyrir hátíðinni Taste of Iceland í Tókýó dagana 30.-31. maí, þar sem forseti tekur einnig þátt. Markmið hátíðarinnar er að kynna íslenska menningu, matargerð og Ísland sem áfangastað fyrir japönskum almenningi og fagfólki.

Á meðan á heimsókninni til Japans stendur fer forseti til fundar við Naruhito Japanskeisara. Þá mun hún eiga fund með Ishiba Shigeru, forsætisráðherra Japans.

19. maí 2025.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).